

Lög

Nr. 17
24. sept.

um

breyting á lögum nr. 59, 22. nóv. 1907, um fræðslu barna.

Vjer Christian hinn Tiundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta,
hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í 21. gr. og 22. gr. 2. lið laga nr. 59, 22. nóv. 1907, kómi í stað »6 kr.«: 9 kr.; í 23. gr. 3. lið kómi fyrir »18 kr.«: 30 kr. og fyrir »12 kr.«: 20 kr., og í 24. gr. 3. lið kómi í stað »25 kr.«: 40 kr. og í stað »18 kr.«: 30 kr.

2. gr.

Auk landssjóðsstyrks þess, sem um ræðir í fjárlögunum, 14. gr. B. XIII, 1—2, skal greiða úr landssjóði helming af launabækkun kennaranna samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þau ákvæði fræðslulaganna, sem fara í bága við þessi lög.

4. gr.

Lög þessi gilda til 1. júlí 1921.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll 24. september 1918.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.